



## FUNDARGERÐ

**210. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs**  
**haldinn <https://zoom.us/j/6594700701> , 22. apríl 2020**  
**og hófst hann kl. 14:00.**

### Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Valtýr Valtýsson, Ómar Sigurðsson og Hulda Karlsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðson, formaður stjórnar.

Einnig sat fundinn Stefán Gíslason ráðgjafi.

Rafn Bergsson forfallaðist og ekki vannst tími til að boða varamann.

### Dagskrá:

#### 1. Brennsluofn fyrir dýrahæ og aðrar dýraleifar - 1901058

##### *Staða mála*

Stefán Gíslason hjá UMÍS ehf. Environice kom á fundinn fór yfir stöðu mála vegna vinnu við mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun um brennsluofn fyrir dýrahæ og dýraleifar á Strönd hafa verið kynnt almenningi og umsagnaraðilum. Engar athugasemdir bárust og hefur matsáætlunin verið send til Skipulagsstofnunar.

Ákveðið að leyta ráðgjafar hjá verkfræðingi Eflu sem er að vinna að tæknihlið þessara mála með öðrum aðilum.

Á ljósi þess að ekki er lengur hægt að fara með dýrahæ og leifar í Fíflholt er lögð fram tillaga um að sækja um undanþágu til að urða slíkan úrgang. Ágústi falið að hafa samband við forstjóra Umhverfisstofnunar.

#### 2. Farvegur úrgangs frá Sorpstöð Rangárvallasýslu - 1901059

##### *Staða mála og neyðaráætlanir vegna COVID19*

Lögð fram drög að neyðaráætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs. um förgun úrgangs vegna COVID19. Í henni er lagt til að Strönd komi helst til greina sem neyðarurðunarstaður fyrir Suðurland ef aðrar leiðir lokast.

Stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu skorast ekki undan ábyrgð á þessum tímum en bendir jafnframt á að urðunarstaðurinn við Kirkjuferjahjáleigu komi einnig til greina, enda stór og öflugur urðunarstaður með starfsleyfi í gildi og vel staðsettur m.v. magn úrgangs og vegalengdir.

Samþykkt samhljóða.

#### 3. Rekstraryfirlit 2020 - Sorpstöð Rangárvallasýslu bs - 2004012

*Rekstraryfirlit jan-mar 2020 lagt fram til kynningar*

#### 4. Gámaplön á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs - 1904010

Breytt fyrirkomulag á grenndarstöðinni á Hvolsvelli hefur gengið ágætlega en þó ekki hnökralaust. Huldu ásamt kynningarfulltrúum falið að kynna þetta fyrirkomulag fyrir fyrirtækjum og rekstraraðilum á svæðinu.

Ákveðið að hafa vorhreinsun í ár með svipuðu sniði og undanfarin ár. Huldu og Ómari falið að undirbúa og kynna málið.

Almennt hefur sorphirða og móttaka sorps á Strönd gengið framur vonum þrátt fyrir COVID faraldur og erfitt veðurfar. Mikið hefur mætt á starfsmönnum Sorpstöðvarinnar og hafa þeir staðið sig með mikilli þrýði.

**5. SOS - stjórn 289 - 2004019**

Lagt fram til kynningar

**6. SOS - stjórn 290 - 2002055**

Lagt fram til kynningar

**7. 291 stjórnarfundur SOS - 2004015**

Lagt fram til kynningar

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.**

---

Ágúst Sigurðsson

---

---

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

---